



**Barnaheill**  
Save the Children Iceland

6. febrúar 2009

Til Dómstólaráðs

## **Er í lagi að bregðast við óþægð barna með barsmíðum? Ályktun Barnaheilla vegna sýknudóms**

Barnaheill, Save the Children, á Íslandi harma sýknudóm Hæstaréttar frá 22. janúar sl. yfir karlmanni sem m.a. var ákærður fyrir brot gegn 1. og 3. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Maðurinn hafði ítrekað beitt tvo drengi, 4 og 6 ára, líkamlegum refsingum með því að flengja þá. Hæstiréttur staðfesti þar með dóm sem féll í Héraðsdómi Norðurlands eystra í ágúst sl. en Barnaheill sendu þá ályktun til dómsmálaráðherra, Dómstólaráðs, Alþingismanna og fjölmiðla þar sem dómur Héraðsdóms var harmaður.

Í dómi Hæstaréttar segir m.a.

*“Með 1. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 er ekki lagt fortakslaust bann við því að foreldri eða annar maður með samþykki þess beiti barn líkamlegum aðgerðum til að bregðast við óþægð, heldur er refsinæmi slíkrar háttsemi háð því að gerðir hans séu til þess fallnar að skaða barnið andlega eða líkamlega. Ekki hafa verið færðar sönnur fyrir að háttsemi ákærða, sem 1. liður ákæru tekur til, hafi farið út fyrir þau mörk, sem þetta ákvæði felur í sér.”*

Barnaheill vilja af þessu tilefni ítreka að íslensk stjórnvöld hafa staðfest Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem kveðið er skýrt á að börn skuli njóta verndar gegn öllu ofbeldi, líkamlegu, andlegu og kynferðislegu (19. grein). Ennfremur er kveðið á um að börn megi ekki beita ómannúðlegri meðferð eða niðurlægjandi meðferð eða refsingu (39. grein). Dómurinn sem hér um ræðir er því tvímælaust brot á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Barnaheill vilja einnig ítreka að fjölmargar rannsóknir sýna að líkamlegar refsingar eru alls ekki leið til að ná árangri í uppeldi og hafa skaðleg áhrif á börn. Samtökin harma að dómur sé byggður á þeim forsendum árið 2009 að ekki hafi verið hægt að færa sönnur á að þær líkamlegu refsingar sem um ræðir hafi skaðað börnin. Barnaheill, Save the Children, á Íslandi óttast fordæmisgildi dóms Hæstaréttar varðandi þau skilaboð að í lagi sé að beita börn líkamlegum refsingum “til að bregðast við óþægð”. Dómurinn gengur þannig þvert á velferð barna, þvert á mannréttindi barna og þvert á alþjóðlega sáttmála sem Ísland hefur staðfest.

Með því að staðfesta Barnasáttmálann hafa íslensk stjórnvöld skuldbundið sig til að aðlaga íslensk lög að sáttmálanum. Í mörgum Evrópulöndum eru líkamlegar refsingar í hvað mynd sem er bannaðar með lögum vegna þess að aðrar leiðir eru einfaldlega taldar vænlegri til árangurs í uppeldi. Barnaheill vona að Ísland bætist fljótlega í þann hóp.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/202, með síðari breytingum og barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum, þar sem tekin eru öll tvímæli af því að líkamlegar refsingar séu ekki leið til uppeldis barna, heldur séu þær ofbeldi, séu auðmýkjandi fyrir barnið og valdi því skaða. Barnaheill fagna mjög frumvarpinu og vona að það verði að lögum sem allra fyrst. Samtökin hvetja jafnframt íslenskt dómsskerfi til að standa vörð um réttindi barna og nýta til fullnustu þau lagaákvæði sem kveða á um vernd barna gegn líkamlegum refsingum og öðru ofbeldi.

Virðingarfyllt

f.h. Barnaheilla, Save the Children, á Íslandi

Petrína Ásgeirsdóttir  
framkvæmdastjóri

Aftir sent:

- Dómsmálaráðherra
- Alþingismönnum